



2296. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn þriðjudaginn 20. júní 2023 og hófst kl. 16:00. Fundurinn var haldinn í fundaraðstöðu ÍSÍ í Laugardalnum.

Mættir stjórnarmenn: Vanda Sigurgeirsdóttir formaður, Borghildur Sigurðardóttir varaformaður, Sigfús Ásgeir Kárason varaformaður, Halldór Breiðfjörð Jóhannsson, Helga Helgadóttir, Ívar Ingimarsson, Orri V. Hlöðversson, Pálmi Haraldsson, Tinna Hrund Hlynsdóttir og Unnar Stefán Sigurðsson.

Mættir varamenn: Hildur Jóna Þorsteinsdóttir, Jón Sigurður Pétursson, Sigrún Ríkharðsdóttir og Jón Rúnar Halldórsson varaformaður ÍTF.

Mættir fulltrúar landshluta: Ómar Bragi Stefánsson (NL), Eva Dís Pálmadóttir (AL), Oddný Eva Böðvarsdóttir (NL) og Trausti Hjaltason (SL).

Formaður KSÍ bauð stjórnarfólk velkomið á fund sem haldinn var í fundaraðstöðu ÍSÍ vegna landsleiks á Laugardalsvelli.

Á dagskrá fundar var eitt mál, málefni landshluta.

1. Fulltrúar landshluta ræddu málefni landshluta. Meðal þess sem kom til umræðu var hár ferðakostnaður félaga, skortur á æfinga- og keppnisaðstöðu og áskoranir tengdar samstarfsfélögum og iðkenda fjölda.
2. Önnur mál
 - Trausti Hjaltason greindi stjórn frá því sem hefur verið efst á baugi hjá grasrótarnefnd KSÍ.

Fleira var ekki tekið til umræðu og var fundi slitið kl. 17:30,

Vanda Sigurgeirsdóttir
formaður.